

## Hitaveita Suðureyrar: umsögn fyrir Orkusjóð

Jón Steinar Guðmundsson, Ólafur G. Flóvenz

Greinargerð JSG-ÓGF-81-03

Hitaveita Suðureyrar: Umsögn fyrir Orkusjóð

Með bréfi dagsettu 31. október 1980 sótti Suðureyrarhreppur um lán úr Orkusjóði til að bora eina rannsóknarholu og eina 1000 m djúpa vinnsluholu. Þessi umsókn er til komin m.a. vegna tillagna Jarðhitadeildar frá 20. júní 1980, sem fram koma í greinargerð ÓGF-JSG-80/05 um "Vandamál Hitaveitu Suðureyrar". Frekari upplýsingar um málið koma fram í þeim greinargerðum, sem getið er um hér í lokin. Í febrúar s.l. kom út skýrsla Iðnaðarráðuneytisins um fjárhags- og tæknileg vandamál Hitaveitu Suðureyrar og tveggja annarra hitaveitna. Hér verður stiklað á stóru um þær borframkvæmdir, sem standa fyrir dyrum í Súgandafirði.

Hitaveita Suðureyrar fær heitt vatn úr einni djúpri borholu við Laugar í Súgandafirði. Vatninu er dælt úr holunni og leitt um 4 km út með firðinum til Suðureyrar. Rekstur borholunnar hefur verið mjög erfiður vegna óvenjulegra en verulegra kalkútfellinga. Um tvisvar á ári hefur þurft að skipta um djúpdælu og er hitaveitan þá vatnslaus á meðan.

Frá upphafi hefur verið gert ráð fyrir tveimur borholum við Laugar, til að tryggja rekstraröryggi hitaveitunnar. Með tilkomu kalkútfellinganna er það meira knýjandi en áður að hitaveitan hafi yfir tveimur vinnsluholum að ráða. Jarðhitadeild hefur unnið að staðsetningu slíkrar holu ásamt því að finna aðferð til að draga úr myndun kalkútfellinga í núverandi vinnsluholu. Við borun nýrrar vinnsluholu hefur Jarðhitadeild bent á tvo kosti. Annars vegar að bora 1000 m djúpa vinnsluholu örskammt frá núverandi vinnsluholu. Í því tilviki eru talðar litlar vornir um að leysa útfellingavandann, en ný hola myndi hins vegar gefa hitaveitunni aukið rekstraröryggi. Hins vegar kemur til greina að bora fyrst 400-500 m rannsóknarholu lengra frá sjónum til að finna heitt vatn, sem hugsanlega yrði laust við kalkútfellingar. Gefi rannsóknarholan góðan árangur, þarf að bora þar nýja 1000 m vinnsluholu. Síðari kosturinn vekur nokkrar vonir um varanlega lausn á útfellingavandanum, en er hins vegar dýrari sem nemur kostnaði við rannsóknarholuna.

Jarðhitadeild hefur ekki séð ástæðu til að taka afstöðu til þess, hvort ráðist verði í borun nýrrar vinnsluholu örskammt frá núverandi vinnsluholu

(1. kostur) eða hvort fyrst verður boruð rannsóknarhola fjær sjónum (2. kostur). Hitaveita Suðureyrar verður að meta það hvort hún vill taka á sig borkostnað rannsóknarholu í von um varanlega lausn útfellinga-vandamálsins.

Ólafur G. Flóvenz & Jón Steinar Guðmundsson, 1980: Vandamál Hitaveitu Suðureyrar, Orkustofnun, greinargerð ÓGF-JSG-80/05, 5 s.

Ólafur G. Flóvenz, Sigmundur Einarsson & Jón Steinar Guðmundsson, 1980: Staðsetning tveggja borhola fyrir Hitaveitu Suðureyrar, Orkustofnun, greinargerð ÓGF-SE-JSG-80/06, 3 s.

Jón Steinar Guðmundsson & Ólafur G. Flóvenz: 1980: Hitaveita Suðureyrar: Aðgerðir í tengslum við hreinsun borholu, Orkustofnun, greinargerð JSG-ÓGF-80/09, 4 s.

Kristmundur Halldórsson, Magnús Pétursson & Karl Ómar Jónsson, 1981: Athugun á fjárhags- og tæknilegum vandamálum Hitaveitu Blönduóss, Hitaveitu Siglufjarðar, Hitaveitu Suðureyrar og tillögur til úrbóta, Iðnaðarráðuneytið, skýrsla 81-5, 28 s & 5 fskj.

---

Jón Steinar Guðmundsson

Ólafur G. Flóvenz